

Fundir hjá félaginu

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og deildarstjórnunum, í svæðisráðum, trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Fjöldmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum um ýmis mál. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð heldur vanalega tvo fundi á starfsárinu en fyrr í apríl var haldinn aukafundur þar sem Róbert Farestveit, Sviðsstjóri Hagfræði- og greiningasviðs ASÍ, fór yfir stöðu kjarasamninga, ræddi m.a. um forsenduákvæði og verðlagsforsendur kjarasamninga í haust.

Á fyrsta fundi starfsársins sem fram fór í september var m.a. farið yfir hlutverk trúnaðarráðs og hvernig kosið er í það. Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs, og Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs, mættu á fundinn og fjölluðu um þrjú málefni; framlag til jöfnunar á örorkubyrði, víxlverkun örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða og tryggingamiðlara og tilgreind séreign. Kjörnir voru 15 fulltrúar félagsins á 10. þing Starfsgreinasambands Íslands.

Á fundi tvö sem fram fór í febrúar var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2026-2027 og skilafrest lista. Tryggvi varaformaður fór aðeins yfir niðurstöður Gallup könnunar félagsins og ýmsar nýjungar í orlofsmálum Einingar-löju.

Samninganefnd

Enginn fundur fór fram í samninganefnd félagsins á starfsárinu. Umboð samninganefndar fellur niður þegar aðalkjarasamningar og tengdir sérkjarsamningar hafa verið samþykktir. Stjórn félagsins eða formaður í umboði hennar sjá um gerð kjarsamninga á milli starfstíma samninganefnda.

Uppstillinganefnd

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi á starfsárinu. Það gekk nokkuð vel að fá félagsfólk til að gefa kost á sér í trúnaðarráð.

Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta starfsárið.

Síðasta haust var lögð áherslu á að hvetja trúnaðarmenn til að bjóða okkur á vinnustaðafundi

þar sem við vorum að kynna félagið, réttindi og skyldur og ná betri tengslum við félagsmennina okkar. Þessar heimsóknir eru skipulagðar af trúnaðarmönnum og í samvinnu við þeirra yfirmenn, en trúnaðarmenn eiga rétt á tveimur klukkutíma löngum vinnustaðafundum á ári.

Þing og ársfundir á starfsárinu



Fulltrúar félagsins á þingi SGS

Dagana 8. til 10. október 2025 fór 10. þing Starfsgreinasambands Íslands fram í Hofi á Akureyri. 11. þing ASÍ-UNG var haldið í Reykjavík 17. október 2025. Ársfundur Stapa fór fram á Egilsstöðum 13. maí 2025. Þá fóru fram rafrænar fulltrúa-ráðsfundir Stapa í desember 2025 og í apríl 2026. Eining-löja átti þarna fulltrúa og má finna stutta umfjöllum um þingin og ársfund Stapa á aðalfundarvefnum.

Fulltrúaráðsfundir Stapa

Fulltrúaráð Stapa er skv. samþykktum sjóðsins skipað aðilum sem voru fulltrúar launamanna og atvinnurekenda á ársfundi sjóðsins. Ráðið skal kalla saman tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjár-festingarstefnu kynntar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast til viðkomandi kjarasamninga hverju sinni.

Seinni fundur ráðsins fyrir árið 2025 fór fram á rafrænan hátt 3. desember sl. þar sem farið var yfir lykilatríði úr rekstri sjóðsins á árinu 2025 og kynnt fárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2026. Einnig var fjallað um áhrif dóms Hæstaréttar í vaxtamálum og framlag til jöfnunar á örorkubyrði.

Fyrri fundur ráðsins fyrir árið 2026 fór fram á rafrænan hátt 9. apríl sl. Þar var farið yfir lykiltölur úr afkomu, starfskjarastefnu sjóðsins, tillögur að samþykktarbreytingum, staðfestar voru tilnefningar í stjórn og farið var yfir hugmyndir um breytingar á örorkulífeyriskerfinu.

Næsti ársfundur Stapa fer fram 27. apríl nk. á Akureyri.